

15. Frumvarp

til laga um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað þar sem gjaldþegn hefir rekið eða stundað atvinnu, án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili hefir orðið útsvarsskyldur vegna dvalar, án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvars fer fram.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurjöfnunarnefnd: Niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd, ásamt tilkvöddum skattanefndarmanni, í sveitum, nema sjerstaklega sje öðruvisi um mælt.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næsta á undan niðurjöfnun.

2. gr.

Reikningsár sveita er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu bæjarstjórnir gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðar næsta reikningsár. Ræða skal áætlun á tveim fundum með að minsta kosti viku millibili. Við síðari umræðu skal athuga áætlun lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði bæði um hverja grein fyrir sig og áætlun í heild sinni. Áætlun skal liggja til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentngum stað, er bæjarstjórn tiltekur.

Í hreppum skal hreppsnefnd semja áætlun fyrir yfirstandandi ár áður en niðurjöfnun útsvara hefst.

Áætlun samkvæmt 1. og 2. málsg. skal síðan vera regla um upphæð gjalda í sveitinni og fjárstjórn hennar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti sem aðrar tekjur sveitar hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5%—10%, og heitir gjald það *útsvar*. Það má ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitinni 3 síðustu árin, að viðbættum fimtungi, nema sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en atvinnumálaráðherra bæjarstjórnnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn að fengu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, er á vantar, þannig að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundradshlutfalli.

II. KAFLI.

Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þá til greina taka:

1. Eignir aðilja, hverjar þær eru og hversu verðmætar, hversu miklar skuldir hvila á aðilja og hversu miklar eignir hann á afgangskuldum. Ef eigi er lagt sjerstakt útsvar á konu manns, þá skal með sama hætti athuga eignir hennar og skuldir, þegar lagt er á hann.
2. Tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B, 1–2) og þá er í 25. gr. 2. og 3. tölul. segir, tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu. Þá skal athuga í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.
3. Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefir orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskada af sjó, veðri eða vötnum, sjerstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sjerhvað annað, er telja má máli skifta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar.

5. gr.

Ef gjaldþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða veitir ekki að öðru leyti þá fræðslu um hagi sína, er niðurjöfnunarnefnd krefur hann, þá skal hún áætla honum riflegar eignir og tekjur, svo að áreiðanlegt megi telja, að hann vinni ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndinni.

6. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðiljar heimilisfastir á Íslandi:

1. Allir einstaklingar, karlmenn sem konur, ungir sem gamlir, í hverri stöðu sem þeir eru, svo framarlega sem þeir verða taldir færir um að greiða að minsta kosti 5 króna útsvar. Enginn verður útsvarsskyldur eftir þessum lið (I.), nema hann hafi á útsvarsárinu haft hjer á landi heimilisfang að minsta kosti 3 mánuði.

Undanþegnir eru útsvari:

- a. Fyrirsvarsmenn annara ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, sem er annara ríkja þegnar.
- b. Sendimenn íslenska ríkisins, sem erlendis dveljast meira en 9 mánuði á útsvarsárinu, enda þótt þeir teljist að lögum heimilisfastir á Íslandi.
- c. Konur, sem giftar eru þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:
 1. Ef hún hefir sjereign eða hjúskapareign, er gefa arð svo að um muni.
 2. Ef hún hefir atvinnu.
 3. Ef hún hefir slitið samvistir við bónda sinn.

II. Fjelög. Þar til teljast:

1. Fjelög með ótakmarkaðri ábyrgð og fjelög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafjelög og gagnkvæm ábyrgðarfjelög. Eigi má leggja bæði á fjelag og fjelagsmann hjer heimilisfastan vegna eignar hans í fjelagi og tekna, er hann hefir af henni, enda liggja glögg greinargerð fyrir niðurjöfnunarnefnd um þetta efni.
2. Samvinnufjelög. Þau greiða útsvör af arði sakir skifta við utanfjelagsmenn með sama hætti sem kaupmenn á staðnum, enda láti fjelag niðurjöfnunarnefnd í tje glöggva skýrslu um skifti sín við utanfjelagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar skal nefndin áætla þessi skifti og leggja útsvar á fjelag samkvæmt þeirri áætlun.

Undanþegin útsvari eru:

- a. Fjelög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum.
- b. Fjelög, sem enga atvinnu reka, svo sem fjelög til eflingar listum og visindum, skemtifjelög, líknarfjelög, stjórnmalafjelög, trúbragðafjelög o. s. frv.
- c. Fjelög, sem að visu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþykktum sínum.

III. Sjóðir og stofnanir.

Undanþegnir eru þó útsvarsskyldu:

- a. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem Ræktunarsjóður, Söfnunarsjóður, Þorkilliisjóður, o. s. frv. Um útsvör annara ríkisstofnana fer eftir lögum nr. 47, 4. júní 1924.
- b. Sjóðir og stofnanir sem enga atvinnu reka.
- c. Sjóðir og stofnanir, sem verja tekjum sínum samkvæmt skipulagsskrá sinni beinlínis til almenningsheilla.
- d. Landsbanki Íslands og útibú hans.
- e. Sparisjóðir.

IV. Bú, er skiftameðferð sæta og tekjur hafa.

B. Aðiljar heimilisfastir erlendis:

1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu sjómenn á skipi skrásettu hjer á landi eða gerðu út hjeðan 3 mánuði á gjaldárinu eða lengur eða hafa stundað hjer atvinnu eða dvalist hjer ekki skemri tíma.
2. Þeir, er reka hjer atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verslun, sjávarútveg, fiskverkun, eða hafa hjer laxveiði til atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð, eiga hjer eignir, er arð gefa o. s. frv.
3. Erlend tryggingarfjelög.

7. gr.

Nú hefir aðili dvalist hjer svo lengi að hann verður útsvarsskyldur (6. gr. A. I niðurl. og B. 1) og skal þá leggja á hann útsvar hlutfallslega eftir dvalartíma hans. Ef aðili stundar hjer atvinnu (6. gr. B. 1) eða rekur hjer atvinnu eða á hjer eignir (6. gr. B. 2), þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hjer á landi á gjaldárinu og eignir hans hjer og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfjelaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hjer á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þessa árs af tryggingum, er þeir hafa tekist á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hjer.

III. KAFLI.

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

8. gr.

Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú á aðili hvergi heimilisfang, og skal þá leggja á hann þar sem hann dvelst, þegar niðurjöfnun fer fram. Nú er heimilislau maður skráður á skip, sem hjer á heimili eða hjerðan er gert út, og skal þá leggja útsvar á hann í heimilissveit skips-eiganda, ef hann gerir skip út, en ella í heimilissveit útgerðarmanns.

Leggja skal samkvæmt 1. málsg. á allar eignir manns og tekjur á útsvarsárinu, hvar sem þeirra er aflað, þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

- a. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
- b. Ef hann er erlendis búsettur og rekur atvinnu hjer á landi á einum stað eða fleirum, eða stundar hjer atvinnu eða dvelst hjer á gjaldárinu. Á hverjum stað má þó að eins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem þaðan eru fengnar eða í hlutfalli við dvöl þar.
- c. Ef maður hefir lögheimili á fleirum stöðum en einum. Aðili á þó heimtingu á því að hann verði feldur af útsvarsskrá á öðrum staðnum jafnskjótt sem hann sannar, að á hann hafi verið lagt á hinum, enda hafi hann eigi krafist þess, að hann yrði þar einnig feldur af skrá.
- d. Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er heimilisfastur.

9. gr.

Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, enda á hún alt útsvarið. Þó skal skifta útsvari milli sveita:

1. Ef aðili rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 8. gr. a. og b. liðar eigi til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur. Þó skal skifta útsvari, ef rekin hefir verið selveiði, hvalveiði, sildarkaup, sildarsala, sildarverkun eða sildarbræðsla, verksmiðjuviðnaður hverskonar

sem hann 'er, leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð, ábúð á jörð eða jarðarhluta, laxveiði, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda þótt skemur sje rekið, svo og ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu.

2. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minsta kosti samtals 3 mánuði á gjaldárinu í sömu sveit og hefir fengið kaup að minsta kosti 2000 kr., þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknuð eins og skattanefnd í þeirri sveit telur þau til tekjuskatts.
3. Ef gjaldþegn flyst búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveimur sveitum á gjaldárinu, en þó fær engin sveit hluta af útsvari, nema aðili hafi að minsta kosti átt þar heima 3 mánuði á gjaldárinu.

10. gr.

Nú skal skifta útsvari eftir 9. gr. 1. tölul., og skal það þá gera með hliðsjón til eigna aðilja í atvinnusveit hans og hversu mikill hluti tekna hans sje þaðan fenginn. Ef svo er ástatt sem í 9. gr. 2. tölul. getur, þá skal skifta útsvari með hliðsjón af því, hversu mikill hluti af tekjum gjaldþegns stafar frá atvinnu hans í atvinnusveit. Þó skal heimilissveit aðilja aldrei fá minna en $\frac{1}{3}$ hluta af útsvari hans.

Pegar svo er farið sem í 9. gr. 3. tölul. segir, skal skifta útsvari í hlutfalli við þann tíma, er aðili hefir átt heima eða dvalist í hvorri eða hverri sveit.

11. gr.

Öllum þeim, er í 9. gr. segir, er skylt að senda sveitarstjórn í atvinnusveit eða dvalarsveit skýrslu um atvinnu sína þar eða dvöl, eignir sínar þar og tekjur, atvinnutíma og dvalartíma o. s. frv. áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni.

Öllum þeim, er hafa í þjónustu sinni utansveitarmenn, er skylt að senda sveitarstjórn sinni fyrir hver áramót skrá yfir þá með þeim upplýsingum, er í 1. málsg. getur. Atvinnumálaráðherra getur lagt dagsektir við, ef á brestur.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um eyðublöð undir skýrslur þessar og annað er að þessum atriðum lýtur, enda er honum heimilt að setja reglur um dagsektir, ef brestur verður á skýrslum.

12. gr.

Ef útsvör verða talin hlutfallslega hærri, svo að nemi 10% eða meira, í heimilissveit gjaldþegns en atvinnusveit og útsvörum á að skifta milli þeirra, skal draga frá þeim hluta útsvara, er gjalda skal atvinnusveit þá upphæð, sem ætla má, að aðili mundi minna hafa goldið, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit, enda skal heimilissveit hans endurgjalda honum þá upphæð. Með samsvarandi hætti skal bæta við þann hluta, er greiða skal atvinnusveit, ef út-

svör þar verða talin hlutfallslega hærri, svo að 10% eða meira nemi, en í atvinnusveit, enda greiði aðili þá heimilissveit það, er á vantar. Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn flytst búferlum milli sveita eða á lögheimili víðar en í einni sveit.

Finna skal, hvort útsvör verði talin hlutfallslega hærri eða lægri í einni sveit en annari, með því að leggja saman í hvorri sveit eða hverri hlutfallið milli skuldlausra eigna gjaldþegna sveitarinnar eftir síðasta skattframtali og útsvara þar, hlutfallið milli skattskyldra tekna þeirra og útsvara og hlutfallið milli gjaldendatölu sveitarinnar og útsvara og deila síðan með 3. Skera þær tölur, er þá koma fram, úr því, í hvorri sveit eða hverri sje hlutfallslega herra eða hæst útsvar.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglur til leiðbeiningar um þetta atriði og er heimilt, ef það kemur í ljós, að fyrstnefnda hlutfallsins gætir of mikið, að draga úr gildi þess, með því að deila tekjum samkvæmt skattframtali með tölu, er telst hæfileg, þó ekki hærri en 10.

13. gr.

Útsvar, sem ekki nemur meiru en 20 krónum, fellur altaf óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

Ef upphæð sú, er greiða skyldi af einstöku útsvari, nemur ekki 5 krónum, þá fellur útsvar það óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

14. gr.

Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrár yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annari sveit, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur og eignir þar í sveit, vinnutíma og dvalartíma o. s. frv. Sendir sveitarstjórn síðan skrárnar til viðkomandi sveitarstjórna. Sveitarstjórnir senda hver sína skrá að lokinni aðalniðurjöfnun til viðkomandi yfirskattanefndar með athugasemdum sínum, og skiftir hún síðan útsvörum innan tveggja mánaða, nema skifti verði að dragast lengur vegna nýrra upplýsinga.

Skjóta má þessum málum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til landsyfirskattanefnd kynni að verða sett á stóln.

15. gr.

Sveit, þar sem á aðilja er lagt, greiðir atvinnusveit þann hluta af útsvörum, er henni ber, 2 mánuðum eftir að skifti á útsvörum hafa farið fram samkvæmt 14. gr. 1. málsg. nema sannað sje með árangurslausu lögtaki eða með öðrum hætti, er atvinnumálaráðherra metur, ef ágreiningur verður, að útsvar sje ófáanlegt. Ef útsvar heimtist síðar, skal það af því gjalda, er eftir stóð.

IV. KAFLI.

Um niðurjöfnun útsvara.

16. gr.

Utan kaupstaða jafnar hreppsnefnd niður útsvörum. Skal hún kveðja til með sjer einn mann úr skattanefnd hreppsins, og er honum skylt að jafna niður útsvörum og úrskurða kærur með nefndinni, enda á hann atkvæði um mál þau öll, sem hreppsnefndarmenn. Hafa skal hann 8 króna þóknun úr hreppssjóði dag hvern eða hluta úr degi, er hann starfar að þessum málum með hreppsnefnd. Óskylt er sama manni að hafa starfann á hendi í senn lengur en 2 ár og eigi þarf hann að taka við endurkjöri fyrr en liðin eru 2 ár frá því að hann gegndi starfanum síðast. Ef einhver skattanefndarmanna er fyrir í hreppsnefnd, þarf hún ekki að kveðja með sjer neinn úr skattanefnd.

Í hreppum með yfir 800 manns getur hreppsnefnd ákveðið sjer þóknun úr hreppssjóði fyrir niðurjöfnunarstarf sitt, er eigi fari fram úr 1 krónu fyrir gjaldanda hvern, sem á aðalskrá útsvara er tekinn.

17. gr.

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Formaður niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík er skattstjóri, en í öðrum kaupstöðum formaður skattanefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni 4 menn kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Með sama hætti skal kjósa 4 til vara, er taki sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Konur geta skorast undan kjöri.

Áður en niðurjöfnunarmaður tekur fyrsta skifti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samviskusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal eiga aðgang að framtölum manna til tekjuskatts og eignarskatts. Einnig er henni rjett að krefja aðilja skýrslna um sjerhvað það, er hún telur skifta máli um útsvar hans.

Alla þá, er veita öðrum atvinnu, svo og banka og sparissjóði, getur nefndin krafid skýrslna um kaup vinnuþiggjenda og innieign í sparissjóði eða banka. Stjórnarvöldum er skylt að veita nefndunum upplýsingar eftir þörfum og eftir föngum. Nú er skýrslu samkvæmt þessari málsgrein haldið fyrir nefndinni, og skal þá atvinnumálaráðherra, ef nefndin krefst þess, leggja fyrir aðilja, að viðlögðum dagsektum, að svara skýrslunni, ef ráðuneytið telur hann geta það og vera það skylt. Þessi atriði verða ekki borin undir dómstóla.

Nefnd er skylt að halda því leyndu fyrir öllum óviðkomandi mönnum, er hún kemst að í starfi sinu um hagi manna.

19. gr.

Nefndin gjörir skrá yfir alla þá, er hún leggur útsvör á, i stafrófsröð eða eftir boðleið og útsvarshæð fyrir aftan hvert nafn, enda skal nefndin undirrita skrána, þá er henni er lokið.

20. gr.

Niðurrjöfnunarnefnd er ályktuðnarfær, ef meir en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skylt er öllum nefndarmönnum að greiða atkvæði, nema mál varði sjálfa þá, maka þeirra, frændur þeirra að fedgatali eða niðja eða systkin og jafnána að mægðum. Afi atkvæða ræður úrslitum. Nú eru atkvæði jöfn, og skal þá sá hlutinn ráða, sem formaður fylgir.

Hjón mega aldrei sitja saman í niðurrjöfnunarnefnd nje foreldrar og börn.

21. gr.

Aðalniðurrjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar-maí, að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Útsvarsskrá skal liggja frammi á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað i hreppnum, en i kaupstöðum á skrifstofu bæjargjaldkera eða öðrum hentugum stað, 4 vikur i hreppum og 2 vikur i kaupstöðum, enda skal auglýsa framlagningu skrár i blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

22. gr.

Rjett er manni að finna að útsvari sinu eða að því, ef honum hefir verið slept af skrá, eða að útsvör annara manna sjeu of lág samanborið við hans, eða að öðrum mönnum hafi verið slept af skrá. Kærur skulu brjefiegar vera og stilaðar til niðurrjöfnunarnefndar. Skal nefndin úrskurða kærur svo fljótt sem unt er og ekki síðar en 14 dögum eftir kærufrest. Nefnd er heimilt að breyta útsvörum bæði til hækkunar og lækkunar, enda hafi aðilja verið send tikynning um það, að annar gjaldandi hafi borið sig saman við hann, eða að nefndin hafi i hyggju að hækka útsvar hans, enda þótt enginn gjaldenda hafi borið sig saman við hann. Ennfremur er heimilt að hækka útsvar kæranda, enda þótt hann hafi kært það til lækkunar, án þess að honum sje sú fyrirætlun tilkynt.

Nefndin skal jafnan svo fljótt sem þess er kostur senda aðilja tilkynningu, ef hún tekur mann á skrá samkvæmt kæru eða breytir útsvari manns eða kæru hans er ekki sint.

Ef útsvari manns er breytt samkvæmt þessari grein, er honum heimilt að kæra það fyrir yfirskaltanefnd, enda þótt hann hafi ekki kært til hreppsnefndar eða niðurrjöfnunarnefndar.

23. gr.

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rjett að bera málið til úrskurðar fyrir viðkomandi yfirskattanevnd, enda sje kæra komin í hendur formanns yfirskattanevndar áður liðnar sje 4 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum. Yfirskattanevnd úrskurðar kærur á næstu tveim vikum frá lokum kærufrests talið, nema draga verði úrskurð af því að afla þurfi frekari upplýsinga. Niðurjöfnunarnevnd lætur yfirskattanevnd í tje útsvarsskrá eða eftirrit af henni. Fyrimæli 18. og 22. gr. taka og til yfirskattanevndar, enda er hreppsnevnd og niðurjöfnunarnevnd skylt að veita yfirskattanevnd upplýsingar um útsvarsálagningu sína eftir föngum.

Yfirskattanevnd fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt þessum lögum, og skal reikna hana eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þóknun greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Ef ágreiningur verður um þóknun yfirskattanevndar, þá sker atvinnu-
málaráðherra úr.

24. gr.

Sá, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanevndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetning úrskurðar hennar skotið honum til atvinnu-
málaráðuneytlisins, þar til sett kynni að verða á stofn landsyfirskattanevnd. Ráðuneytið skal venjulega hafa kveðið upp úrskurð sinn 2 mánuðum eptir lok kærufrests. Það hefir sama rjett til að krefjast upplýsinga sem yfirskattanevnd, en það breytir ekki útsvörum annara gjaldþegna en þeirra, sem yfirskattanevnd hefir kveðið upp úrskurð um útsvör þeirra.

Úrskurður ráðuneytlisins er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

25. gr.

Aukaniðurjöfnun fer fram í lok júní, september og desember ár hvert. Sveitarstjórn getur vikið frá þessum ákvæðum eftir þörfum. Þá skal leggja útsvör á þá:

1. Er teknir skyldu hafa verið á aðalskrá, en hefir verið slept.
2. Er útsvarsskyldir hafa orðið síðan aðalniðurjöfnun fór fram og leggja skal á í þeim hreppi eða kaupstað.
3. Er flutst hafa búferlum á gjaldárinu, en eigi var lagt á þá útsvar í fyrri heimilissveit þeirra.

Skrá skal gera með sama hætti sem aðalskrá. Um framlagning hennar, kærur og úrskurði fer með sama hætti sem fyr segir um aðalniðurjöfnun.

26. gr.

Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sint. Ekki má yfirskattanevnd eða atvinnu-
málaráðuneyti heldur breyta útsvari, nema svo reynist að það hafi verið að minsta kosti 10% ofhátt eða oflágt.

V. KAFLI.

Um gjalddaga útsvara, ábyrgð á þeim, innheimtu o. fl.

27. gr.

Gjalddagi útsvara eftir aðalniðurjöfnun í hreppum er 15. júlí. Í kaupstöðum skal greiða annan helming útsvara 1. virkan dag næsta mánaðar eftir lok niðurjöfnunar, en hinn helminginn 1. september.

Eindagi útsvara eftir aukaniðurjöfnun fer eftir ákvörðun niðurjöfnunarnefndar, en má þó ekki síðar vera en 1. október, ef útsvar var lagt á fyrir þann dag, en ella ekki síðar en 31. desember.

Eindagi á öllu útsvari erlendis búsettra gjaldþegna (6. gr. B, 1—3) skal ávalt vera sá dagur, er útsvarsálagningu á þá er hverju sinni lokið.

28. gr.

Hjón ábyrgjast ekki hvort annars útsvar. Þó ábyrgist bóndi útsvar konu sinnar, er á hana var lagt áður en þau gengu að eigast. Ennfremur getur niðurjöfnunarnefnd kveðið svo á, að hjón skuli ábyrgjast annað fyrir bæði og bæði fyrir annað hvort annars útsvar, ef reynt hefir verið lögtað fyrir síðasta útsvari hjá því þeirra, er það var á lagt, án þess að það hafi að fullu verið goldið, enda búi hjón saman þegar niðurjöfnun fer fram.

29. gr.

Umboðsmaður erlends tryggingarfelags ber ábyrgð á útsvari þess, eins og það væri sjálfs hans útsvar.

Atvinnuveitandi þeirra, er í 6. gr. B. 1. getur, ábyrgist sem sjálfs síns skuld útsvar slíkra manna, án tillits til þess hvernig kaupgjaldi er varið, og er atvinnuveitanda heimilt að halda eftir alt að 10% af því kaup, er hann geldur, enda sje honum tilkynt álagningin svo fljótt sem unt er.

Eignir erlendis búsetts atvinnurekanda, þær, er hann á hjer á landi, skulu vera að lögveði til tryggingar útsvari, sem lagt er á hann hjer á landi, næst á eftir sköttum, er á þeim kunna að hvila til rikissjóðs Íslands, enda má kyrsetja þær til tryggingar útsvarsgreiðslum, án þess að beiðandi þurfi að setja tryggingu, og halda kyrsetningarmáli til laga fyrir gestarjetti á kyrsetningarvarnarþingi.

30. gr.

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldþegn greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem liður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

31. gr.

Útsvör og dráttarvöxtu má taka lögtaði.

VI. KAFLI.

Ákvæði til bráðabirgða. Niðurlagsákvæði.

32. gr.

Tímabilið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 telst eitt reikningsár.

Útan kaupstaða gerir hreppsnefnd áætlun samkvæmt 2. gr. fyrir reikningsárið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 í októbermánuði 1926, enda er henni þá rjett að jafna niður, með gjalddaga 31. desember næsta á eftir, þeim hluta af ákveðinni útsvarsupphæð, er hún telur þurfa til greiðslu hreppsgjalda, þar til útsvör, sem jafnað verður niður með aðalniðurjöfnun 1927, taka að gjaldast.

Ef útsvör áætlunar þeirrar, sem gerð er í október 1926, þurfa að vera hærri en samtala útsvara hreppsins þrjú síðustu reikningsárin að fimtungi viðbættum og deilt með 2, þá þarf samþykki sýslunefndar.

33. gr.

Í kaupstöðum, þar sem aðalniðurjöfnun útsvara skal lúka fyrir nóvembermánaðarlok eftir gildandi lögum, má jafna niður fyrir næsta nýár $\frac{1}{3}$ af upphæð útsvara kaupstaðarins, svo sem þau hafa verið ákveðin í áætlun hans fyrir 1927, enda sje gjalddagi 31. desember 1926.

34. gr.

Um kærur yfir útsvörum, sem lögð hafa verið á árið 1926, fer eftir eldri lögum.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927. Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagafyrirmæli:

Tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 18. gr. 2. og 3. málsg., 19. gr. 1. másl., 21. gr., 23. gr. 2.—5. málsg. og 24. gr.

Lög nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 18. gr., 21. gr., það sem enn er af henni í gildi, 22. og 23. gr.

Lög nr. 43, 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög) 35. gr., 37. gr. 2. málsg. og 38.—44. gr.

Lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 19. og 21.—24. gr.

Lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breyting og viðauka við lög. 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2. og 3. gr.

Lög nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 6. og 9. gr.

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breytingu á lögum nr. 22. 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum, 10.—12. gr.

Lög nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 18. gr. 1. og 2. málsg. 19.—22. gr. og 23. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 1.—2. málsgr., 21.—24. gr. og 25. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breytingu á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 18.—24. gr.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 15. og 17.—21. gr.

Lög nr. 47, 27. júní 1921, um breytingu á lögum nr. 67. 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Lög nr. 49, 27. júní 1921, um viðauka við og breytigar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2. gr.

Lög nr. 65, 27. júní 1921, um breytingu á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Lög nr. 25, 19. júní 1922, um breytingu á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905, 1. gr.

Lög nr. 26, 4. júní 1924, um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, 1. og 12. gr., að því leyti sem þær verða útsvör, og 7.—11. gr.

Lög nr. 46, 4. júní 1914, um útsvarsálagningu erlendra váttryggingarfjelaga. Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á alþingi síðasta var borin upp í n. d. tillaga til þingsályktunar um að skora á atvinnuáráðherra að skipa 5 manna nefnd »til að íhuga sveitarstjórnar-, bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins«. (Alþtíð. 1925 A. þsk. 199). Tillaga þessi var samþykkt í n. d., en í e. d. varð það að ráði, að vísa málum þessum til stjórnarinnar, og bjót hún því að undirbúa lagasmíð um 2 atriði, er til mála þessara teljast: Um aukaútsvör og kosningar í bæjar- og sveitamálefnum. Má nú hjer sjá annað þessara frumvarpa. Það má telja mikla nauðsyn á því að samræma löggjöf landsins um útsvör. Um þau eru nú ákvæði í sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905 með breytingum í lögum nr. 29, 19. júní 1922, og lögum nr. 26, 4. júní 1924, og í hvorki meira nje minna en í lögum 7 kaupstaða. Og lagaákvæði ýmsra kaupstaðanna eru ekki í einu lagi, heldur í mörgum bútum, enda víða erfitt að átta sig á því, hvað ennþá gildir og hvað er úr gildi numið. Loks eru ákvæðin í ýmsu hvert öðru frábrugðin. Í Reykjavík gilda t. d. í verulegum atriðum aðrar reglur en í hinum kaupstöðunum. Í sveitum gilda aðrar reglur en í kaupstöðum o. s. frv. Samræming og bálkun útsvarslöggjafarinnar virðist því vera mjög mikið nauðsynjamál.

Um I. kafla.

Hjer eru tekin almenn ákvæði og skal um hverja grein athugað:

Um 1. gr.

Orðaskýringarnar eru til hægðarauka, til þess að forðast endurtekningar og skýringar á sömu hugtökunum í lagatextanum.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er almanaksárið nú reikningsár allra kaupstaðanna, tilsk. 20. apríl 1872, 18. gr. 3. málsgr. (Reykjavík, skammst.: Rv.), lög nr. 22, 8. okt. 1883, 18. gr. (Akureyri skammst.: Ak.), lög nr. 75, 22. nóv. 1907 19. gr. (Hafnarfjörður, skammst.: Hf.), lög nr. 67, 14. nóv. 1917 18. gr. (Ísafjörður, skammst.: Íf.), lög nr. 26, 22. nóv. 1918 20. gr. (Vestmannaeyjar, skammst.: Vm.), lög nr. 58, 28. nóv. 1919 18. gr. (Siglufjörður, skammst.: Siglf.), og lög nr. 61, s. d. 15. gr. (Seyðisfjörður, skammst.: Seyðf.). Utan kaupstaða er fardagaárið enn reikningsár, sveitarstjórnarlög, (skammst.: svstjl.), nr. 43, 10. nóv. 1905, 35. gr. Það virðist vel mega breyta þessu þannig, að reikningsár hreppa verði einnig hjer eftir almanaksárið, enda eru margar sveitarstjórnir því eindregið meðmæltar. Og upp á þessari breytingu er stungið í frumvarpi þeirra Þórarins Jónssonar og Jóns Sigurðssonar 1925. (Alþt. A. þsk. 53), enda sagt þar, að þessi breyting sje orðin almenn ósk.

2. málsgr. sbr. 4. málsgr. er í öllu verulegu samkvæm nógildandi lögum, Ak. 18. gr., Hf. 18. gr., Rv. lög nr. 49, 30. nóv. 1914 6. gr., Íf. 18. gr., Vm. 20. gr., Siglf. 18. gr. og Seyðf. 15. gr.

3. málsgr., samanber 4. málsgr., sjá lög nr. 29, 19. júní 1922 1. gr. 1. málsgr. Breytingin stafar af því, að í frv. er stungið upp á öðrum niðurjöfnunartíma og honum ekki í fastákveðnum mánuði, sjá 21. gr. frv.

Um 3. gr.

Um 1. málsgr. má vísa til áður nefndra kaupstaðarlaga, sbr. Rv. tilsk. 1872, 19. gr., Ak. 1883, 18. gr. 3. málsgr., Hf. 19. gr. 3. málsgr., Íf. 18. gr. 2. málsgr., Vm. 20. gr. 2. málsgr., Siglf. 18. gr. 2. málsgr. og Seyðf. 15. gr. 2. málsgr. Það þykir rjett, að ákvæðið um útsvarshæðina í heild taki einnig til hreppa, enda skuli þar leita til sýslunefndar um samþykki, sbr. svstjl. 53. gr. 1. tl.

Um 2. málsgr. skal það athugað, að það verður undir ákvörðun sveitarstjórnar og sýslunefndar og atvinnumálaráðherra komið, hvort jafna skuli niður viðbótarútsvörum eftir þessari málsgr. eða tekið lán til að standast gjöld þau, sem áður á lögð útsvör hafa ekki hrokkið til að greiða. sbr. Rv. 1872, 18. gr. 2. málsgr.

Um II. kafla.

Hjer er safnað fyrir mælunum um útsvarsskyldu, hverir skuli yfir höfuð vera útsvarsskyldir *hjer á landi*. Í III. kafla segir þar á móti, *hvar i sveit* leggja skuli á hvern gjaldþegn og hvaða sveit skuli útsvar hans fá eða hluta af því. Ef frv. þetta verður að lögum, þá gilda ein lög um land alt um útsvarsskyldu, og fyrir mælin um hana verða öll á einn stað komin.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal nú leggja á útsvar eftir *e/num* gjaldþegna og ástæðum. Þessari reglu er alment haldið í frv. þessu. Hún er gamalreynd og hefir yfirleitt reynst vel. Það þykir því eigi ástæða til að víkja frá henni, enda verður nú auðveldara að framkvæma hana en áður var, utan Reykjavíkur, því að hjer er ætlast til þess, að niðurjöfnunarnefndir hafi aðgang að skattframtölum manna og aðstoð manna þeim kunnugum, sjá 18. gr. frv. Þau atriði, er efni manna varða og ástæður, verða auðvitað aldrei talin til hlítar Hjer eru talin ýms helstu atriði, er það mál varða, og ætti nefndunum að verða fremur stöð að því.

Um 5. gr.

Er nauðsynlegt ákvæði til þess að varna því, að gjaldþegnar leynti niðurjöfnunarnefnd atriðum, er máli skifta.

Um 6. gr.

Hjer eru aðalreglurnar um útsvarsskyldu. Í A. eru taldir innlendir gjaldþegnar, og í I. lið þar undir einstaklingar. Það er ætlast til, að 5 krónur verði lægsta útsvar, sem nokkrum manni verður gert að greiða. Eins og peningaverði er farið, þá virðist lægra útsvar varla svara kostnaði. Að öðru leyti er upphaf þessa liðar samkvæmt gildandi reglum. Eftir þeim eru engir, hvorki ungir nje gamlir, undanþegnir útsvari, en þeim ákvæðum hefir verið beitt svo, að ekki hefir verið lagt á börn og unglínga eða gamalmenni, nema alveg sjerstaklega standi á, þau hafi átt eignir og haft tekjur þar af. 3. mánaða vist á landinu hefir líka alment verið útsvarsskilyrði, því að 3 mánaða vist hefir skemsta þurft til útsvarsskyldu í sveit, sbr. lög nr. 29. 1922 1. gr. (hreppar), lög nr. 25 s. á. (Hf.), lög nr. 36, 1924 7. gr. (Rv.), Ak. lög nr. 65, 1917 10. gr. 1. málsgr. Íf. 1917, 19. gr. 1. málsgr. Vm. 1918, 21. gr. 1. málsgr., Siglf. 1919, 19. gr. 1. málsgr. og Seyðf. 1919, 17. gr. 1. málsgr.

Undantekningarnar í I. a—c eru samkvæmar núverandi framkvæmd laga um útsvör. Um c-lið athugast þó, að 1. tilvikið um hjúskapareign er vitanlega nýtt, af því að það hugtak er óþekt fyrr en í lögum nr. 20, 20. júní 1923.

Í II. tölul. eru fjelög talin. Það er aðalregla, að þau sje útsvarsskyld. En það er hjer sjerstök ástæða til að taka niðurjöfnunarnefnd vara fyrir að leggja tvisvar á sömu eign og sömu tekjur, svo framarlega sem aðiljar gera glöggva grein fyrir þessum atriðum.

Ákvæðin um samvinnufjelög í II. 2 eru samkvæm lögum nr. 36, 1921 38. gr. 2. tölul., nema að því, að niðurjöfnunarnefnd áætllar fjelagi tekjur af viðskiftum við utanfjelagsmenn, ef þess verður þörf, og það virðist hún geta nú, er hún hefir aðgang að skattaframtölum gjaldþegna.

Fjelög undanþegin útsvarsskyldu með lögum eru nú h. f. Íslandsbanki, lög nr. 66, 1905 12. gr., og Eimskipafjelag Íslands, lög nr. 43, 4. júní 1924 2. gr.

Undanþágur í b. eru samkvæmar framkvæmd gildandi útsvarsákvæða.

Ákvæðin í III. eru og samkvæm framkvæmd gildandi ákvæða. Það þykir

rjett að láta gildandi fyrirmæli í lögum nr. 47, 1924 um útsvarsskyldu annara ríkisstofnana en sjóða þeirra, sem undir ríkisstjórninni eru, haldast.

Undantekningarnar í III. a—e eru sumar áður lögákveðnar (Landsbankinn) eða lögnum hefir verið svo beitt, að þeir sjóðir, sem þar greinir, hafa ekki borið útsvör. Ef sparisjóðir greiða stofnendum sínum engan arð, þá eru þeir nú venjulega útsvarsfjálsir, en það virðist svo sem sparisjóðir ættu yfirhöfuð að vera útsvarsfjálsir, eins og bankar þeir, sem nú eru, enda hefir löggjafinn viðurkent nytsemi sparisjóða svo vel sem á verður kosið.

Ákvæði IV. liðar eru líka í samræmi við framkvæmd gildandi laga.

Í B segir um útsvarsskyldu erlendis búsettra gjaldþegna. Reglan í 1. tölul. er í samræmi við 7. gr. laga nr. 36, 1924, þó með þeirri viðbót, að sjómenn á skipum, sem hjedan eru gerð út, þótt þau sje ekki skrásett hjer, verða útsvarsskyldir. Á öðrum stað (í 9 gr.) segir, hvar skuli útsvar gjalda og hversu langur dvalartími vera skuli til þess að sveit eigi tilkall til útsvars. Og er þar einnig talinn skemsti tími, sem til atvinnurekstrar fer og orkar útsvarsskyldu. Ef atvinna hefir alstaðar verið skemur rekin en í 9 gr. segir, þá verður aðili hvergi útsvarsskyldur. »Að reka atvinnu« er haft um rekstur aðilja á fyrirtæki fyrir sinn reikning, en að »stunda atvinnu« merkir verknað, sem framkvæmdur er fyrir annan aðilja, fyrir atvinnurekanda t. d. 3. tölul. svarar til laga nr. 46, 4. júní 1924.

Um 7. gr.

1. málsg. er samkvæm núgildandi reglum, eins og þeim er beitt, sbr. einkum lög nr. 36, 1924 7. gr. og lög nr. 29, 1922 1. gr.

2. málsg. kveður skýrar á um útsvarsálagningu tryggingarfjelaga en gert er í lögum nr. 46, 1924. Hundraðshlutann ákveða þau stjórnarvöld, sem útsvörum ráða.

Um III. kafla.

Samkvæmt núgildandi lögum má leggja á aðilja útsvar, ef hann hefir haft fast aðsetur í sveit 3 mánuði á gjaldárinu. Með þeim hætti getur sami aðili orðið skyldur að greiða útsvar sama árið vegna dvalar sinnar í sveit á 3 eða jafnvel 4 stöðum. Og engin takmörk eru fyrir því, hversu víða sami aðili eigi sama ár að greiða útsvar af atvinnurekstri sínum, sbr. lög 29, 1922 1. gr. (sveitir) og lög 36, 1924 7. gr. (Rv.), lög nr. 65, 1917 10. gr. (Ak.), lög nr. 67, 1917 19. gr. (Íf.), lög nr. 26, 1918 12. gr. (Vm.), lög nr. 58, 1919 19. gr. (Sigluf.), lög 61, 1919 17. gr. (Seyðf.) og lög nr. 25, 1922 (Hf.). Það verður oft alls eigi unt að taka fult tillit til allra þeirra útsvara, sem aðilja er gert að greiða utan heimilissveitar sinnar, þegar þar er lagt á hann útsvar, því að útsvar atvinnusveitar getur vel verið hærra en útsvar heimilissveitar og hefir oft verið það. Auk þess er oft undan því kvartað, að stjórnarvöld geri utansveitarmönnum mjög harðleikið um útsvarsálagningu, enda stoði þeim lítt að bera kærúmal sín undir sýslunefndir eða bæjarstjórnir, síst utansýslumönnum. Hjer er því tekin upp sú meginregla, að útsvar sje einungis lagt á gjaldþegn hvern á einum stað, í heimilissveit hans, og þar skal leggja á allar eignir hans, hvar sem þær eru, og allar tekjur hans,

hvar sem þeirra er aflað. Þetta er aðalreglan um aðilja, sem ekki eiga erlendis heimili. Um erlendis búsetta aðilja verður þar á móti að sitja við það ástand, sem nú er. Annað mundi varla verða framkvæmanlegt.

Um 8. gr.

Auk þess, sem tekið er fram um þenna kafla má hjer geta þess, að undantekningin í a-lið er af hallkvæmisástæðum gerð. Kunnugleiki niðurjöfnunarnefndar á heimilisfastri atvinnustofnun þar á staðnum mun venjulega vera meiri en nefndarinnar í heimilissveit aðilja. Hinsvegar er einsætt, að sú nefnd má þá ekki leggja á þær eignir og tekjur, sem annarsstaðar hefir verið lagt á. Aftur á móti er það eitt aðriði í efnun aðilja og ástæðum, hvort hátt eða lágt útsvar er lagt á hann í atvinnusveit. C-liður er eiginlega ekki til hlitar undantekning frá aðalreglunni, því að aðili getur látið fella sig af skrá í annari hvorri sveitinni. D-liður er einskonar viðauki við b-lið, og er í samræmi við lög nr. 46, 1924.

Um 9. gr.

Það er auðvitað aðalreglan, að sveit eigi að taka útsvar, þar sem það var á lagt. En gera verður þó undantekningar þar frá. Og taka þær undantekningar til sömu tilvika sem heimila eftir gildandi lögum atvinnusveit eða dvalarsveit, að leggja útsvar á utansveitaraðilja, þegar frá er talið tilvikið eftir 8. gr. a-lið. Og nýmælin eru 2000 kr. takmörkun í 2. tölul. Er það álitamál, hversu hátt kaupið skuli vera til þess að útsvari skuli skifta, og mun þar um sitt sýnast hverjum.

Um 10. gr.

Það virðist einsætt, að taka skuli til greina sem best verður samband aðilja við atvinnusveit sína, þegar skifta skal útsvörum, eins og það atriði skal nú til greina tekið, þegar hún leggur útsvör á utansveitarmenn. Með því að heimilissveit aðilja hefir venjulega ríkastar skyldur við hann, þá er stungið upp á því, að hún fái alt af að minsta kosti þriðjunginn af útsvari hans. Það er vitanlega álitamál, hvaða tölu skuli hjer taka. Annars verður skiftingin vitanlega einatt mikið sanngirnissatriði og álitamál.

Um 11. gr.

Er óhjákvæmileg til þess að atvinnusveit geti haft nauðsynlegt eftirlit með því, að heimilissveit gjaldþegna greiði frá sjer þann hluta útsvara, er henni ber skylda til að gjalda.

Um 12. og 13. gr.

Nú er lagt á utansveitarmenn, að minsta kosti sumstaðar, einungis með hliðsjón af þörfum atvinnusveitar og með samanburði á útsvörum annara gjaldanda þar í sveit. En eftir frv. hlýtur heimilissveit aðilja að leggja á hvern gjaldþegnu sinn einungis með sínar þarfir og sitt ástand fyrir augum. Af þessu leiðir það, að atvinnusveitin getur borið skarðan hlut frá borði, ef útsvör í heimilis-

sveit eru tiltölulega miklu lægri en í atvinnusveit. Ennfremur getur það orðið mönnum hvöt til að flytja sig búferlunum úr atvinnusveit sinni, ef þeir finna heimili í nágrennasveit, þar sem lægri eru útsvör. Og gæti slíkt jafnvel orðið sumum sveitum hættulegt. Hinsvegar er eigi ástæða til að láta heimilissveit græða á því eða tapa, hvernig útsvörum er annarsstaðar háttað. Báðar eiga að vera svo skaðlitlar sem unt er af skiftingu útsvara, og atvinnusveit þess vegna, af því að hún fær ekki að leggja á aðilja. Það þykir þó ekki ástæða til að skifta hverju útsvari, hversu lítið sem það er eða hversu lítill sem sá hluti er, sem atvinnusveit ætti að fá af því. En um takmörkin má auðvitað deila. Ekki þykir heldur ástæða til að skifta útsvari milli sveita, hverju smáræði, sem það nemur. Ekki virðist heldur eiga að leggja við eða draga frá útsvari, sem atvinnusveit er greitt, nema að minsta kosti megi telja 10% mun á útsvörum atvinnusveitar og heimilissveitar. Því er sett sú takmörkun:

Að ekki skal við bæta eða draga frá, ef ætla má, að aðili hefði ekki fengið 10% hærra útsvar eða lægra, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit.

Nú eru útsvör lögð á eftir efnunum og ástæðum. Viðbót vegna hærri útsvara í atvinnusveit eða frádráttur vegna lægri útsvara þar verður því eigi gerður með fullri nákvæmni og yrði reyndar ef til vill aldrei gerður svo, hvernig sem álagningu væri hagað. Hjer verður því að reyna að finna notandi reglu. Það hefir þótt fara næst því rjetta, að reikna eftir meðaltali þriggja hlutfalla: a) milli skuldlausra eigna (e) og útsvara (ú), b) skattskyldra tekna (t) og útsvara og c) gjaldendatölu (g) og útsvara. Virðist þá best koma fram þau atriði, sem útsvarsálagning er bygð á.

Sem dæmi skulu teknar 2 sveitir, A með eignir 200000 kr., tekjur 100000 kr., gjaldendur 50 og útsvör 5000 kr., og B með eignir 40000000 kr., tekjur 15000000, gjaldendur 8000 og útsvör 1800000 kr.

Hlutföllin yrðu þá þessi:

$$A: \frac{e}{ú} = \frac{200000}{5000}$$

$$\frac{t}{ú} = \frac{100000}{5000}$$

$$\frac{g}{ú} = \frac{50}{5000}$$

Þau samanlögð og deilt með 3 =

$$\left(\frac{200000}{5000} + \frac{100000}{5000} + \frac{50}{5000} \right) : 3 = \frac{300050}{15000}$$

$$B: \frac{e}{ú} = \frac{40000000}{1800000}$$

$$\frac{t}{ú} = \frac{15000000}{1800000}$$

$$\frac{g}{ú} = \frac{8000}{1800000}$$

Þau samanlögð og deilt með 3 =

$$\left(\frac{4000000}{1800000} + \frac{15000000}{1800000} + \frac{8000}{1800000} \right) : 3 = \frac{55008000}{5400000}$$

Til þess að finna, hvort hlutfallið er stærra, eru þau gerð samnefnd og verður þá:

$$A = \frac{108018000}{5400000}; B = \frac{55008000}{5400000}$$

Útsvörin í A-sveit eru rúmum 98% lægri tiltölulega (miðað við eignir, tekjur og gjaldendatölu) en í B-sveit.

Ef miðað væri eingöngu við eignir, þá hefðu útsvör í A átt að vera 4500 í stað 5000, borið saman við útsvörin í B.

En ef útsvör í A eru eingöngu miðuð við tekjur, þá hefðu þau, miðað við B, átt að vera 12000. Og eftir gjaldendatölu einni hefðu útsvör í A átt að vera, miðað við B, 11250.

Um 14. og 15. gr.

Það virðist vandfundinn greiðari vegur til að skifta útsvörum en sá, er hjer er stungið upp á. Það verður ekki með öllu komist hjá skriftum út af þessum málum, en reynt er að búa svo um, að þær verði sem minstar. Og vafalaust verða allmargar sveitir landsins alveg fyrir utan þessi mál, eða því sem næst.

Um IV. kafla.

Hjer segir um stjórnarvöld þau, er með útsvarsmál fara. Hefir verið nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar frá því, sem nú er, og verða þær helstu nefndar í sambandi við einstakar greinar.

Um 16. gr.

Það virðist hentugt, að einn skattanefndarmanna hrepps starfi jafnan með hreppsnefnd að niðurrjöfnun útsvara og úrskurðum um útsvarskærur. Hann getur veitt nefndinni ýmsar leiðbeiningar, meðal annars um notkun framtalskýrslanna, er nefndin á nú að hafa aðgang að.

Um 17. gr.

Lagt er til að niðurrjöfnunarnefndir í öllum kaupstöðum verði skipaðar með sama hætti sem nú er í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 36, 1924 8. gr. Samvinna skattstjóra og niðurrjöfnunarnefndar þykir hafa reynst vel og má því ætla, að heppilegast muni reynast í hinum kaupstöðunum, að formaður skattanefndar verði einnig formaður niðurrjöfnunarnefndar. Liggja og til þess sömu rök sem segir í aths. við 16. gr. um hluttöku skattanefndarmanns í niðurrjöfnun útsvara í hreppum.

Um 18. gr.

Það er nýmæli, að niðurjöfnunarnefndir skuli, utan Reykjavíkur, eiga aðgang að framtölum. Það er og nýmæli, sem á sinn líka í skattalögum nr. 74 1921, að ráðherra geti lagt fyrir menn að veita nefndinni upplýsingar, og lagt dagsektir við. Miða ákvæði þessi til tryggingar því, að nefndin hafi svo góð gögn til að byggja gerðir sínar á sem unt er.

Um 19. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 20. gr.

Það eru nýmæli, er hjer segir um niðurjöfnunarnefndir. En þau virðast sjálfsgöð, enda er 2. mgr. að efni til tekin úr lögum um kosningarrjett í málefnum sveita og kaupstaða, sjá lög nr. 49, 30. júlí 1909, 2. gr.

Um 21. gr.

Reikningsári hreppa á að breyta og niðurjöfnunarnefndir eiga að nota framtalsskýrslur gjaldþegna. Þær koma, að Reykjavík undanskilinni, eigi fyrir en í febrúar og mars. Þess vegna verður að láta niðurjöfnun fara fram á tímabilinu febrúar — maí, samkvæmt ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Niðurjöfnun getur því eigi byrjað fyrir en í febrúar og skal henni lokið vera fyrir mánaðarlok.

Um 22.—24. gr.

Hjer er aðalbreytingin fólgin í því, að yfirskattanefndir eiga að vera yfirdómur í málum um útsvarskærur, í stað bæjarstjórna og sýslunefnda, og úrskurðum yfirskattanefnda á að mega áfrýja til atvinnumálaráðuneytis, þar til landsyfyrskattanefnd kynni að verða skipuð. Þykja betur trygð rjettlát úrslit útsvarsmála með þessum hætti en nú er, því að yfirskattanefndir og ráðuneytið verða væntanlega enn síður óhlutrægar en bæjarstjórnir og sýslunefndir.

Ef menn skilur á um útsvarsskyldu, er auðvitað jafnheimilt að bera það mál undir dómstóla sem áður var, eins og líka má sjá á 2. málgr. 24. gr.

Um 25. gr.

Það þykir rjett að gefa aðiljum nokkurn veginn frjálsar hendur um það, hvenær aukaniðurjöfnun skuli fram fara, enda hagar ekki eins til á öllum stöðum. Aukaniðurjöfnun getur því farið fram, þegar verkefni er fyrir hendi. Annars er greinin samkvæm þeim reglum, sem nú er eftir farið, nema kærufrestir eru þó hafðir hinir sömu sem um aðalniðurjöfnun. Er það hættulaust, því að gjalddaga útsvara má ákveða án tillits til kærufrests.

Um 26. gr.

Er að efni til samhljóða gildandi reglum.

Um V. kafla.

Hjer segir um innheimtu útsvara og ábyrgð á þeim o. fl.

Um 27. gr.

Í hreppum mun mörgum verða ógreitt um útsvarsgreiðslur fyrr en að sumrinu eftir að þeir hafa komið afurðum sínum, einkum ullinni, að einhverju leyti í peninga. Í kaupstöðum mun eindagi útsvara verða sami og nú er í Reykjavík eftir lögum nr. 36, 1924, 11. gr.

Það þykir óhættulegt að heimila niðurrjöfnunarnefnd innan lögmætra takmarka að kveða á um eindaga þeirra útsvara, sem lögð eru á með aukaniðurrjöfnun.

Vegna hættu á brottför útlendra manna af landinu hefir þótt tryggast að ákveða gjalddaga þeirra útsvara þegar er þau hafa verið lögð á.

Um 28. gr.

Það er ekki ótitt, að menn geri nú kaupmála við konur sínar og ánafni þeim allar eigur sínar. Þegar hefir svo átt að gera lögtak hjá þeim, þá hafa þeir vísað til kaupmálans, og ekkert hefir fundist hjá bónda, er tekið yri. Tilætlun síðasta málsl. greinarinnar er að ráða nokkra bót á þessu.

Um 29. gr.

1. málsgr. er í samræmi við lög nr. 47, 4. júní 1924.

2. málsgr. er nýmæli, er miðar til að tryggja innheimtu útsvara hjá erlendum mönnum, er hjer vinna. Annars er ekki ætlast til að vinnuveitendur ábyrgist útsvör starfsmanna sinna.

3. málsgr. er og nýmæli, er miðar til að tryggja innheimtu á útsvörum erlendra aðilja.

Um 30. og 31. gr.

Ákvæði laga nr. 36, 1924, 12. gr. um dráttarvexti bæjargjalda hafa flýtt mjög fyrir innheimtu í Reykjavík, og er því stungið upp á, að samskonar regla verði lögleidd um land alt.

Um VI. kafla.

Það ber nauðsyn til að setja ákvæði til bráðabirgða vegna breytinga á reikningsári hreppa og ef til vill vegna fyrirmæla kaupstaðalaganna, annara en Reykjavíkur, um niðurrjöfnun útsvara í nóvembermánuði. Eins og gert er í frv. á þingskj. 53 í Alþt. 1925 A, er stungið hjer upp á því, að tímabilið frá fardögum 1926—31. des. 1927 verði eitt reikningsár, og verður þá óbjákvæmilegt, að hreppum verði sjeð fyrir tekjum framan af árinu 1927. Samsvarandi kann að verða um kaupstaði, að undantekinni Reykjavík.

Niðurlagsákvæði 32. gr. er í samræmi við 1. málsgr. 3. gr. frv. Af því að áætlunin eftir 32. gr. gildir fyrir rúmlega $1\frac{1}{2}$ ár, eða rúmlega helming, að tíma-

lengd, af 3 árunum, sem útsvarsupphæðin er miðuð við eftir almennu reglunni, þá verður hjer að deila með 2, í stað 3 eftir reglunni í 3. gr.

Ef t. d. útsvör hafa verið 3 síðustu árin 7000, 6000 og 8000, þá er meðaltal þar af 7000, og útsvör eftir 3. gr. mættu þá vera

$$7000 + \frac{20 \times 7000}{100} = 8400.$$

En eftir reglu 32. gr. mættu útsvörin vera

$$\frac{7000 + 6000 + 8000}{2} = 10500$$

að viðbættum 20%, eða 12600.